

13. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslands banka að auka sedlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóvbr. 1905.

(Lagt fyrir Alþingi 1919.)

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að auka sedlaupphæð þá, er Íslands banki má gefa út samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, 4. gr., svo sem viðskiftaþörfin krefur að dómi landsstjórnarinnar. Þessa viðbót við sedlaútgáfuna má þó því að eins leyfa, að:

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar sedlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr $2\frac{1}{2}$ miljón króna, sje málmforði, samkvæmt 5. gr. nefndra laga.
2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2% á ári, af upphæð þeirri, er sedlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr $2\frac{1}{2}$ miljón króna og málmforðinn nægir ekki til.
3. bankinn greiði ókeypiss og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslands banka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytji á sama hátt og ókeypiss það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti sem innieign Íslands banka þar leyfir.

2. gr.

Bankanum er skylt, að viðlögðum missi seðlaútgáfurjettar sins, að innleysa alla þá seðla, er hann hefir gefið út samkvæmt lögum þessum, jafn-skjótt og landstjórnin eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918 og gilda til 1. september 1919.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 81, 14. nóvember 1917, um heimild fyrir landstjórnina til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út, samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóvember 1905, giltu að eins til 1. desember 1918. En með brjefi, dags. 16. október f. á., fór stjórn Íslands banka þess á leit við ráðuneytið, að greind lög yrðu framlengd með bráðabirgðalögum, þar eð óumflýjanlega nauðsyn bæri til þess, að bankinn hefði áfram heimild til seðlaútgáfurjettar fram yfir það, sem lögin frá 1905 ákveða. Skýrði bankastjórnin jafnframt frá því, að í umferð væri hátt á sjöundu miljón króna í seðlum bankans.

Með því að fyrirsjáanlegt var, að það mundi verða til óbætanlegs hnekkis fyrir alt viðskiftalíf í landinu, ef mjög snögglega þyrfti að kippa meiri hlutanum af seðlafúlgum bankans úr umferð, taldi ráðuneytið óþjákvæmilegt að verða við beiðni bankans um framlengingu unnræddra laga, og voru því 30. nóvember f. á. gefin út bráðabirgðalög þau, sem prentuð eru hjer á eftir og lögð eru hjer með fyrir Alþingi.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

heimild fyrir landstjórnina til að leyfa Íslands banka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóvember 1905.

Vjer Christian hinn tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegulegum tillögum stjórnarráðs Íslands um, að hinar sjerstaklegu fjárhagslegu ástæður, sem gjörðu það nauðsynlegt, að setja

lög nr. 81, 14. nóvember 1917, sjeu enn þá fyrir hendi, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn, að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 6. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti landsstjórninni heimild til að leyfa Íslands banka að auka sedlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóvember 1905.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Landstjórninni veitist heimild til að auka sedlaupphæð þá, er Íslands banki má gefa út samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, 4. gr., svo sem viðskiftaþörfin krefur að dómi landstjórnarinnar. Þessa viðbót við sedlaútgáfuna má þó því að eins leyfa, að:

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar sedlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr $2\frac{1}{2}$ miljón króna, sje málmforði, samkvæmt 5. gr. nefndra laga.
2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2% á ári, af upphæð þeirri, er sedlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr $2\frac{1}{2}$ miljón króna og málmforðinn nægir ekki til.
3. bankinn greiði ókeypiss og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslands banka við viðskiftabanka hans í Kaupmannhöfn, og flytji á sama hátt og ókeypiss það sje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti sem innieign Íslands banka þar leyfir.

2. gr.

Bankanum er skylt, að viðlögðum missi sedlaútgáfurjettar sins, að innleysa alla þá sedla, er hann hefir gefið út samkvæmt lögum þessum, jafnskjótt og landstjórnin eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918 og gilda til 1. september 1919.

Eftir þessu eiga allir htutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 30. nóvember 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.